

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Priðjudaginn 21. janúar 1975.

Nr. 166/1974. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurði Kolbeini Eggertssyni

(Agnar Gústafsson hrl.).

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sakarefni er réttilega lýst í héraðsdómi. Ber að staðfesta úrlausn dómsins um sök ákærða og færslu á háttsemi hans til refsíákvæða svo og um ákvörðun refsingar og sviptingar ökuleyfis, enda hefur dómssátt sú, er ákærði gekkst undir hinn 6. desember 1968, ítrekunaráhrif vegna ölvunaraksturs þess, sem ákærði er dæmdur sekur um í máli þessu. Um ákvörðun refsingar vísast til 77. gr. almennra hegningarlaga. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 30.000, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns, kr. 30.000.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Kolbeinn Eggertsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknar-

laun í ríkissjóð, kr. 30.000, og málflutningslaun verjanda síns, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Bolungarvíkur 16. apríl 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. f. m. er höfðað af saksóknara ríkisins með ákæruskjali, dagsettu 30. október 1973, á hendur Sigurði Kolbeini Eggertssyni húsasmið, Hafnargötu 41 í Bolungarvík, fæddum 20. febrúar 1949 í Reykjavík, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 4. febrúar 1973 undir áhrifum áfengisbifreiðinni X 2820 um götur á Bolungarvík, enn fremur fyrir að aka föstudaginn 5. október 1973 bifreiðinni Í 1116, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, heiman að frá sér áleiðis til Ísafjarðar, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans í námunda við Hnífsdal.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er mál og höfðað af saksóknara ríkisins með ákæruskjali, dagsettu 17. desember 1973, á hendur Sigurði Kolbeini Eggertssyni húsasmið, Hafnargötu 41, Bolungarvík, fæddum 20. febrúar 1949 í Reykjavík, fyrir að aka fimmtudaginn 25. október og föstudaginn 26. október 1973, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, bifreiðinni Í 1116 um götur Bolungarvíkur.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Mál þessi voru sameinuð og hafa verið rekin sem eitt mál.

Málavextir eru þessir:

I. 1.

Aðfaranótt sunnudagsins 4. febrúar 1973, klukkan 0230, mættu lögreglumenn í Bolungarvík bifreiðinni X 2820, þar sem henni var ekið upp Skólástíg, og þekktu lögreglumennirnir, Einar Þor-

steinsson, Valdemar Guðmundsson og Pétur Runólfsson, öku-
manninn sem ákærða í máli þessu, en hann var þá til dvalar á
býlinu Meiri-Hlíð rétt innan við Bolungarvíkurkauptún. Þar sem
lögreglumennina grunaði ákærða um að vera undir áhrifum
áfengis, gáfu þeir honum merki um að stoppa, en hann sinnti því
ekki, og ók því lögreglan á eftir honum fram í Meiri-Hlíð. Er
þangað kom, hljóp ákærði úr bifreiðinni ásamt konu sinni, sem
verið hafði í bifreiðinni með honum, og fóru þau inn í húsið. Lög-
reglumennirnir komu rétt á eftir og gengu í húsið eftir að hafa
knúið dýra. Sat þá ákærði í eldhúsinu, og var síðan farið með
hann til héraðslæknisins til blóðtöku. Varð að beita valdi til að
taka blóð úr ákærða.

Virtist lögreglumönnunum ákærði vera áberandi ölvaður.

Sama dag viðurkenndi ákærði fyrir lögreglunni í Bolungarvík
að hafa ekið bifreiðinni X 2820 frá félagsheimilinu í Bolungarvík
og fram í Meiri-Hlíð í greint sinn og hafi lögreglan komið ca 1
mínútu á eftir sér inn í húsið.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar á blóðsýni merktu
Bolv. nr. 1/73 reyndist magn alkóhóls í blóði vera 1.68‰.

Þann 6. febrúar 1973 kom fyrir dóm Knútur Björnsson læknir
og kvað þau mistök hafa orðið hjá sér, að hann hafi notað
brennsluspíritus til að strjúka af handlegg ákærða fyrir blóðtök-
una í greint sinn, en venjulega sé til þess notað sublimat.

Sama dag komu lögreglumennirnir Einar Þorsteinsson og
Valdemar Guðmundsson fyrir dóm og staðfestu lögregluskýrslu
á dskj. nr. 1 um töku ákærða.

Ákærði kom fyrir dóm 15. mars 1973. Neitaði hann því þá að
hafa verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar X 2820
í greint sinn, og spurningu um það, hvort hann hefði tekið eftir
því, er lögreglan gaf honum stöðvunarmerki, óskaði ákærði ekki
að svara.

Í sama þinghaldi var lagt fram nr. 5 bréf frá Rannsóknastofu
í lyfjafræði, þar sem svarað er fyrirspurn um áhrif þess á niður-
stöðu alkóhólrannsóknar, er brennsluspíritus hefur verið notaður
til sótthreinsunar fyrir sýnistöku, og sagt, að prófessor Davíð
Davíðsson muni hafa gert einhverjar athuganir þar að lútandi og
muni hann hafa komist að þeirri niðurstöðu, að áhrif brennslu-
spíritus á niðurstöðu alkóhólakvarðana væru hverfandi.

Ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða 3. október
1973, en dráttur málsins til þess tíma stafar m. a. af mannskípt-
um í embætti lögreglustjóra í Bolungarvík.

Þann 11. mars 1974 kom aftur fyrir dóm Einar Þorsteinsson lögreglumaður. Kvaðst vitnið muna nákvæmlega eftir því tilviki, er ákærði var tekinn. Hafi ákærði verið mjög drukkinn, enda hegðun hans öll í samræmi við það. Það hafi verið greinilegur áfengisþefur af honum og öll framkoma hans slík, að vitnið kvaðst ekki hafa verið í vafa um, að ákærði hafi verið mjög mikið ölvaður. Er vitnið kvaðst fyrst hafa orðið vart við ákærða í greint sinn, þá hafi hann átt erfitt með að sveigja bifreiðinni X 2820 frá vitninu á götu.

Staðfesti vitnið síðan fyrri framburð sinn og vann eið að framburði sínum.

Sama dag kom aftur fyrir dóm Valdemar Guðmundsson lögreglumaður. Kvaðst vitnið muna nokkuð vel eftir því, er ákærði var tekinn grunaður um að aka bifreið sinni ölvaður í greint sinn. Kvað vitnið ákærða hafa verið mjög áberandi ölvaðan, er þeir þrír komu í eldhúsið heima hjá ákærða til að sækja hann. Kvaðst vitnið hafa fundið greinilegan áfengisþef af ákærða, en vitnið hafi þurft að halda honum og sitja við hlið hans í lögreglubifreiðinni. Vitnið kvað allt háttalag ákærða hafa bent til mikillar ölvunar.

Staðfesti vitnið síðan fyrri framburð sinn og bætti við, að töluverður tími hafi liðið, þar til lækjirinn tók blóð úr ákærða, en á meðan hafi þeir beðið með hann í bílnum utan við hús læknisins.

Vann vitnið síðan eið að framburði sínum.

Þann 18. mars 1974 kom fyrir dóm Pétur Runólfsson sjómaður, sem starfaði sem lögreglumaður í greint sinn. Kvað vitnið ákærða hafa verið greinilega undir áhrifum áfengis, er þeir tóku hann í eldhúsinu heima hjá sér. Þá kvað vitnið, að litlu hefði munað, að ákærði æki á Einar Þorsteinsson, er Einar ætlaði að stöðva akstur ákærða, skömmu eftir að hann hóf aksturinn frá félagsheimilinu. Vitnið kvað ákærða hafa reikað í spori og fundist hafi greinileg áfengislykt af honum, og kvaðst vitnið telja, að hann hafi verið mikið drukkinn, er þeir tóku hann. Vitnið kvað þá hafa veitt ákærða eftirför alveg heim til hans og stigið út úr bifreiðinni, er ákærði og kona hans gengu inn í húsið. Vitnið kvað þá hafa reynt að stöðva akstur ákærða með hljóðmerkjum, sem hann hafi ekki sinnt, en aðeins aukið hraðann.

Vitnið vann síðan eið að framburði sínum.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, játningu ákærða um akstur, niðurstöðu alkóhólrannsóknar, framburði vitna og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærði hafi ekki getað stjórnað bifreiðinni X 2820 örugglega, er hann ók henni aðfaranótt sunnu-

dagsins 4. febrúar 1973 frá félagsheimilinu í Bolungarvík og heim til sín í Meiri-Hlíð.

Telja verður, að læknirinn hafi með mistökum sínum við töku blóðsýnisins rýrt svo gildi alkóhólniðurstöðunnar, að hún verði ekki lögð til grundvallar alkóhólmagninu í blóði ákærða.

Telst því brot ákærða varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Er ákærði því sýknaður af því ákæruatriði, sbr. dskj. nr. 1, að hátterni hans varði við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

I. 2.

Að morgni föstudagsins 5. október 1973 var akstur bifreiðarinnar Í 1116 stöðvaður af lögreglunni í námunda við Hnífsdal. Ökumaður reyndist vera ákærði í máli þessu, sem sviptur var ökuréttindum til bráðabirgða frá 3. október 1973. Var hann færður fyrir sakadóm Bolungarvíkur, þar sem hann viðurkenndi að hafa ekið bifreið sinni frá heimili sínu um morguninn og áleiðis til Ísafjarðar, er lögreglan stöðvaði frekari akstur, eins og áður greinir.

Þykir því sannað, að ákærði hafi í greint sinn ekið sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

Telst hátterni ákærða varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eins og réttilega er tilgreint í ákæruskjali á dskj. nr. 1.

II.

Þann 26. október 1973 kom fyrir sakadóm Bolungarvíkur ákærði í máli þessu. Viðurkenndi hann að hafa ekið bifreið sinni, Í 1116, tvívegis að vinnustað sínum frá heimili sínu og tvisvar að verslun Jóns Fr. Einarssonar þann dag. Þá kvaðst hann hafa ekið daginn áður á vinnustað sinn eina ferð. Kvaðst hann hafa ekið bifreið sinni sem áður greinir, þar sem bifreiðarstjóri sinn hafi forfallast. Kvaðst hann taka þá áhættu að aka bifreið sinni, þegar nauðsyn krefði, þrátt fyrir ökuleyfissviptingu til bráðabirgða, sem fram fór 3. október sl.

Þykir því sannað, að ákærði hafi í greint sinn ekið, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, og því gerst sekur um brot það, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali, dskj. nr. 6, og er þar réttilega heimfært til refsíákvæða.

Niðurstaða.

Ákærði, Sigurður Kolbeinn Eggertsson, fæddur 20. febrúar 1949 í Reykjavík, hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1964 20/10 í Bolungarvík: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengis-
laga.
- 1965 28/9 í Kópavogi: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengis-
laga.
- 1966 19/11 í Kópavogi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr.
áfengislaga.
- 1966 12/12 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 49. gr.
umferðarlaga.
- 1967 25/9 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 48. gr.
umferðarlaga.
- 1967 11/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr.
áfengislaga.
- 1968 26/7 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr.
áfengislaga.
- 1968 6/12 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 24. gr.
áfengislaga og 25., 37. og 45. gr. umferðarlaga. Sviptur
ökuleyfi í 8 mánuði frá 18. nóvember 1968.
- 1968 í Kópavogi: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegning-
arlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 18.
nóvember 1968.
- 1969 23/4 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 48. gr.
umferðarlaga.

Hæfilegt þykir með hliðsjón af 80. gr. umferðarlaga nr. 40/
1968, að ákærði sæti varðhaldi í 30 daga.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfeng-
islaga að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá 3. október
1973, er ákærði var bráðabirgðasviptur.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar
með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Agnars Gúst-
afssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Kolbeinn Eggertsson, sæti varðhaldi í 30
daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 3. október
1973 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-

arlaun skipaðs verjanda síns, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmans, kr. 10.000.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. janúar 1975.

Nr. 65/1971. **Oddvitar Reykholtshrepps og Hálsahrepps f. h. hreppanna**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Kalman Stefánssyni og

Ólafi Kristóferssyni

og gagnsök

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Landamerki. Veidiréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Ólafur Kristófersson keypt eignarhluta föður síns, Kristófers Ólafssonar, í jörðinni Kalmanstungu og tekið við aðild málsins af honum.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 7. maí 1971. Krefjast þeir þess, að þeim verði dæmdur allur réttur til silungsveiði í ám og vötnum á þeim hluta Arnarvatnsheiðar, sem Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, seldi Þorsteini Magnússyni, Húsafelli, Gísla Eggertssyni, Stóra-Kroppi, og Magnúsi Jónssyni, Vilmundarstöðum, með afsali 17. maí 1880, með þeirri undanþágu, að erfingjar Stefáns, sem kunna að húa í Kalmanstungu, eigi þar silungsveiðítak fyrir heimili sín og að landamerki Kalmanstungu og nefnds hluta Arnarvatnsheiðar verði viðurkennd þannig: Norðlingafljót að